

9. febrúar 2011

Tilkynning frá Ferskum kjötvörum

Ferskar kjötvörur hafa fengið tilkynningu frá **Sláturhúsi KVH** á Hvammstanga um innköllun á nautgripum vegna hugsanlegrar díoxínmengunar í kjöti af þeim. Gripunum var slátrað í september 2010 og október 2010 og kjöt af þeim nýtt í framleiðsluvörur Ferskra kjötvara. Samkvæmt upplýsingum fyrirtækisins frá Matvælastofnun hefur mengun í þessum gripum ekki verið staðfest.

Í varúðarskyni hafa Ferskar kjötvörur ákveðið að innkalla frystivörur frá ákveðnu framleiðslutímabili.

Innköllunin einskorðast við eftirfarandi vörur og best fyrir dagsetningar á tilgreindu tímabili:

| Vöruheiti | Best fyrir dagsetningar |
|--|--|
| Íslandsnaut, frosnir 100g hamborgarar í öskju | frá 6. september 2011 til 21. október 2011 |
| Íslandsnaut, Ekta ítalskt lasagne (frosið) | frá 6. september 2011 til 21. október 2011 |
| Bónus borgarar – frosnir 120g borgarar í öskju | frá 4. október 2011 til 18. nóvember 2011 |

Vörurnar voru í dreifingu í verslunum Bónus, Hagkaupa og 10-11. Neytendur sem kunna að eiga vörurnar til í frysti eru beðnir um að skila þeim á starfsstöð fyrirtækisins Síðumúla 34.